

Siðfræðistofnun H.Í. í samtarfi við ungmenni í Reykjavík.

Ungmenni og loftslagsbreytingar

RITARI ÁGRIPS: Sólveig Anna Bóasdóttir & Þorbjörg Sandra Bakke

ÞÁTTTAKENDUR: Á fundinn mættu þrettán ungmenni á aldrinum 13-17 ára

- Ungmennin fengu að ræða saman án aðkomu fullorðinna til þess að gera umræðurnar opnar og koma í veg fyrir að þær yrðu þvingaðar.
- Hópurinn skipti sér í tvennt og ræddi svör við spurningunum: 1) „Hvað á almenningur að gera núna til að bregðast við loftslagsbreytingu“, og 2) „Hvað eiga stjórnvöld að gera til að bregðast við loftslagsbreytingum“?
- Helstu tillögur sem komu fram við fyrri spurningu: .. að **stjórnvöld** styrki strætó-kerfið og lækki kostnað og hætti bensínverð að sama skapi, .. 50% bíla ættu að verða rafmagnsbílar fyrir 2020 og stjórnvöld ættu að sjá til þess að fleiri hjólastígar væru lagðir; ...setja reglur gegn óþarfa plastumbúðum, hafa bréfpoka í verslunum, ... leggja bann við því að henda fötum, gefa öll föt til endurvinnslu, ...skylda alla til að flokka sorp, ... auka fræðslu á öllum skólastigum um umhverfismál, ...taka á móti fleiri loftslagsflóttamönnum.
- Helstu tillögur sem komu fram við seinni spurningu: ... að **einstaklingar** dragi úr plastnotkun og matarsóun, ...styðjist við endurnýjanlega orkugjafa s.s. vindmillur og heimarafstöðvar, ... styðji íslenska framleiðslu, rækti sjálfir grænmeti og gróðursetji tré og plöntur, ... borði mat eftir framboði og árstíðum, endurnýti og endurvinni, flokki sorp, komi að stað umræðu um umhverfismál og sjálfbærni.
- Í lokin komu fullorðnir inn og tóku við skilaboðum ungmennanna!